



Vaktavinnu

VETRARFRÍ

Af hverju er vetrarfrí ? Réttur vaktavinnufólks til vetrarfrídaga byggist á því að verið er að jafna vinnuár vaktavinnufólks við dagvinnufólk sem skilar vinnuviku sinni á dagvinnutímabili frá mánudegi til föstudags.

Fastráðið dagvinnufólk fær frí á samningsbundnum frídögum sem falla á vinnuvikuna (mánudaga – föstudaga) en fær samt greidda fulla dagvinnu. Sem dæmi má nefna að fimmtudagur sé frídagur. Dagvinnumaður vinnur fjóra daga þá viku eða 32 stundir en fær greiddar 40 stundir í dagvinnu.

Vaktavinnufólk skilar 40 stundum að meðaltali á viku á vöktum og vaktaplani er ekki breytt þó samningsbundinn frídagur sé í vikunni. Skilar því vaktavinnufólk 40 stundum á vakt þá vikuna, óháð helgidögum.

Til að jafna stöðu þess við dagvinnufólk vinnur vaktavinnufólk sér inn einn vetrarfrídag fyrir hvern dag sem fellur á vinnuviku dagvinnufólksins. Í stað þess að fá frí jafnóðum á samningsbundnum frídögum safnast þeir saman og eru veittir í einu lagi sem vetrarfrídagur.



Samningsbundnir frídagar eru:

Nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar páskadagur, sumardagurinn fyrsti, uppstigningardagur, 1.maí, hvítasunnudagur, annar hvítasunnudagur, 17 júní, fyrsti mánudagur í ágúst, jóladagur, annar jóladagur, aðfangadagur jóla og gamlársgdagur frá kl 12:00

Þegar samningsbunda frídaga ber uppá mánudaga til föstudaga skapa þeir rétt til vetrarfrídaga.

Fyrir starfsmenn sem vinna fullt starf í reglubundinni vaktavinnu, vinna þeir sér inn 12 vetrarfrídaga á ári sem nemur 96 klst miðað við fullt starf.

Vetrarfrí skal veitt tímabilið 1. október til 1. maí

Hlutastarfmenn fá þá daga sem koma uppá því tímabili sem þeir voru að vinna.



Greiðslur í vetrarfríum

Vetrarfríin eru greidd sem dagvinna. Með því fær vaktavinnufólk sömu greiðslu og dagvinnufólk fyrir þá samningsbundnu frídaga sem falla á mánudaga til föstudaga.

Þeir sem standa vaktir á þessum dögum fá hins vegar hærra vaktaálag fyrir staðna vakt á frídögum en virkum dögum. Vaktaálag á almennum frídögum er 45% og 90% á stórhátíðardögum. Þetta hærra álag er greitt óháð því hvort frídagur lendir á virkan dag eða helgi.

Starfsmaður í fullu starfi allt árið, sem vinnur sér inn 12 vetrarfrídaga, fær 8 klst. í dagvinnu fyrir hvern áunninn dag. Þetta eru því samtals 96 dagvinnutímar í greiðslu. Séu starfsmenn á 12 tíma vöktum þá vinna þeir sér inn frí í 8 vaktir á dagvinnutaxta (96/12). Álag greiðist ekki þegar vetrarfrídagar eru teknir út.



Frádráttur ef engin starfsemi er á helgidegi ?

Sé vinnustaðnum lokað á samningsbundnum frídegi, sem fellur á mánudag til föstudags eða frí er veitt á þeim degi dregst samsvarandi fjöldi daga frá vetrarfrídögum, nema hjá þeim sem á inni áunnið vaktافرí.

Þetta þýðir að ef lokað er t.d. föstudaginn langa á vinnustað þá fækkar vetrarfrídögunum þeirra starfsmanna sem hefðu átt að vinna þann dag um einn.

Það sama á við ef starfsmaður tekur frí á helgidegi, þegar hann ætti að vera í vinnu skv. vaktaskrá.